

**Nd.**

## **253. Frumvarp til laga**

[214. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 23/1980) orðist svo:

Af andvirði seldrar vöru og verðmæta, endurgjaldi fyrir hvers konar starfsemi og þjónustu, úttekt til eigin nota og af innfluttum vörum til eigin neyslu eða nota innflytjenda skal greiða 20% — tuttugu af hundraði — söluskatt og auk þess 2½% — tvo og hálfan af hundraði — söluskattsauka eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

I

Hafi fyrir gildistöku laga þessara verið gerður samningur um sölu vöru, vinnu eða þjónustu, sem söluskattsskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir gildistöku þeirra, skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna, er svarar mismun á söluskatti skv. 1. gr. laga þessara og söluskatti skv. 1. gr. laga nr. 23/1980, nema sannað sé, að þessi mismunur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

II

Nú hefur innflytjandi, áður en lög þessi ganga í gildi, afhent til tollmeðferðar skjöl, sem að öllu leyti eru fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vöru þegar í stað, og skal þá ekki heimta af henni skv. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960 þá hækkun söluskatts, er leiðir af lögum þessum. Þetta gildir þó því aðeins, að vara sé tollafgreidd fyrir 7. janúar 1985.

III

Af vörum, söluskattsskyldum við tollafgreiðslu, sbr. j-lið 4. gr. laga nr. 10/1960, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 1. janúar 1985 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og söluskatts, skal greiða þann söluskatt, sem skv. 1. gr. laga þessara gildir frá og með 1. janúar 1985, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 15. febrúar 1985.

### **Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með frumvarpi þessu er lagt til að svonefndur söluskattsauki sem lagður hefur verið við söluskatt hækki um 0,5%, úr 2% í 2,5%. Heildarsölugjald yrði eftir breytinguna 24%, en þar af er hinn eiginlegi söluskattur 20%, orkujöfnunargjald 1,5% og söluskattsauki 2,5%.

Frumvarp þetta er lagt fram til tekjuöflunar í því skyni að minnka fjárhagsvanda ríkissjóðs, sem enn er nokkur, þrátt fyrir það átak er gert hefur verið til þess að draga úr útgjöldum ríkisins.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1985 er gert ráð fyrir að uppsafnaður söluskattur í sjávarútvegi verði endurgreiddur. Í fjárlagafrumvarpinu eru áætlaðar 380 m.kr. í þessu skyni, en vegna breyttra verðlagsforsendna sem nú liggja fyrir, má ætla að verja þurfi allt að 450 m.kr. til þessa þáttar.

Áætlað er að sú hækkun sölugjaldsins sem hér er ráðgerð geti fært ríkissjóði 200—210 m. kr. tekjur á árinu 1985 miðað við það verðlag sem notað er í fjárlagagerðinni.

Þessi hækkun sölugjaldsins færir því ríkissjóði ekki nema hluta þess fjármagns sem það kostar að endurgreiða uppsafnaðan söluskatt til sjávarútvegsins. Með hertum innheimtuágerðum og bættu söluskattseftirliti í tengslum við söluskattshækkunina má ætla að viðbótartekjur ríkissjóðs vegna breytingarinnar geti náð 250 m. kr. Er því ljóst að sameiginleg áhrif söluskattsbreytinga þeirra sem felast í fjárlagafrumvarpi og í þessu frumvarpi eru ríkissjóði mjög í óhag. Engu að síður þykir ekki fært að hækka sölugjaldið um meira en 0,5%.

Ætla má að hækkun vísitölu framfærslukostnaðar af völdum 0,5% hækkunar söluskattsaukans verði um 0,25%, en hafa ber í huga að matvæli og ýmsar aðrar mikilvægar neysluvörur, svo og ýmis þjónusta, eru undanþegin söluskatti.

Söluskattur á Íslandi í núverandi mynd á rætur að rekja til ársins 1960. Í upphafi var skatturinn 3% en hefur farið hækkandi síðan. Síðast hækkaði skatturinn með tilkomu 1,5% orkujöfnunargjaldsins úr 22% í 23,5% í apríl 1980. Áður var hann hækkaður í september 1979 úr 20% í 22%.

Það er ljóst að söluskatturinn í því formi sem hann er lagður á í dag er á ýmsan hátt gallaður. Sú hækkun sem hér er lögð til breytir þar engu um, hvorki til né frá. Hins vegar verður þörfin fyrir gagngera endurskipulagningu á hinni óbeinu skattheimtu í landinu æ brýnni og af þeim sökum verður fljótlega lagt fram á Alþingi frumvarp um virðisaukaskatt í stað núverandi söluskattskerfis.